

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Guðbjarti Hannessyni
um aðlögun að Evrópusambandinu.

1. *Hvaða breytingar sem orðið hafa á lögum á málefnasviði ráðuneytisins eða á stofnunum þess frá 2009 má rekja til aðlögunar að Evrópusambandinu?*

Sú löggjöf sem fellur undir ráðuneytið og snertir samstarf við Evrópusambandið eru lög nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið. Þeim var breytt á árinu 2010, sbr. lög nr. 159/2010, vegna samninga við Evrópusambandið um svokallað fjármagnskerfi EES (uppbyggingsjóður EES).

2. *Hvaða breytingar voru eingöngu vegna aðildarumsóknar og viðræðna við ESB?*
Engar.

3. *Hvaða breytingar urðu á sama tíma fyrst og fremst vegna aðildar Íslands að EES?*
Sjá svar við 1. tölul.